

## REGLUGERÐ

### um landverði.

#### 1. gr.

Landverðir kallast þeir sem starfa í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum í umsjá Náttúruverndarráðs.

Rétt til starfa sem landvörður hefur sá sem lokið hefur námskeiði í náttúruvernd á vegum Náttúruverndarráðs eða hefur fengið aðra þá menntun sem Náttúruverndarráð metur gilda.

#### 2. gr.

Hlutverk landvarða er að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt, að koma á framfæri upplýsingum og fræða ferðafólk um náttúru og sögu svæðanna og sjá um daglegan rekstur og viðhald.

#### 3. gr.

Náttúruverndarráð stendur fyrir námskeiðum í náttúruvernd, þar sem megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

- a) Ísland – náttúrufar og þjóðlíf.
- b) Náttúruvernd.
- c) Umhverfisiréttur.
- d) Landvarsla – dagleg störf.
- e) Umhverfisfræðsla – umhverfistúlkun.

Námskeið þessi skulu auglýst og eru opin þeim sem orðnir eru 20 ára og hyggja á vinnu við landvörslu.

#### 4. gr.

Náttúruverndarráð skal ef þurfa þykir halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi landverði.

#### 5. gr.

Náttúruverndarráð greiðir kostnað við nám, þjálfun og endurmenntun landvarða að svo miklu leyti sem þátttökugjöld hrökkva ekki til og fjárveitingar leyfa.

#### 6. gr.

Nánar er kveðið á um störf og skyldur landvarða í erindisbréfi.

#### 7.

Reglugerð þessi er byggð á 7. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, sbr. lög nr. 29/1989, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*